



## SAMRÆÐA: RÉTTINDI NÓVEMBER 2006

### Fyrstu hugmyndir:

- **Nú hafa börn mikil réttindi** → aginn minni, minni virðing fyrir eldra fólki, minni virðing fyrir kennurum
  - Er þetta meira vandamál á Íslandi en í öðrum löndum?
  - Ekki mikill VIRÐINGARKÚLTÚR á Íslandi? Eru Íslendingar SIÐLAUSIR?
    - Skólinn, umferðin, fíkniefna-vandinn, umgengni fólks í kringum hvert annað t.d. í Kringlunni
    - Árni Johnsen, Heiðar snyrtir (báðir dæmdir menn sem nú gegna opinberum störfum/stöðum)
- Skólinn er uppeldisstofnun: hvernig viðheldur hann virðingu krakka fyrir eldra fólki o.fl.?
  - Hvaða afleiðingar á það að hafa þegar krakkar sýna óvirðingu, gera ekki það sem þeir “eiga að gera”?
  - Hvernig er nemendum refsað, sýndar afleiðingar af verkum þeirra? Fá nemendur alltof marga sénsa? Er ekki tekið nógu hart á brotum?
  - Það þarf að sýna umsvifalaus viðbrögð við brotum!
- Hvernig á að taka á agaleysinu?
  - Þarf að vinna í þessu frá unga aldri
  - Krakkar hlýða því sem er GERT frekar en því sem er SAGT
  - Taka upp líkamlegar refsingar, t.d. flengingar og annars konar niðurlægingar
  - Krakkar þurfa að skammast sín þegar þeir hafa gert eitthvað af sér
- Við eigum að hafa réttindi – nálgast þau af virðingu – “treasure it” þ.e. sýna réttindunum okkar virðingu
  - Til að fólk geti haft réttindi, þá þarf að vinna í því að fólk geri það sem þarf, það sem það á að gera til að eiga þessi réttindi skilin
- Á að útskýra réttindi krakka fyrir þeim á unga aldri?
- Agaleysið – er það afleiðing af OF MIKLUM RÉTTINDUM?
  - Virðingarleysi er ástæðan, frekar en of mikil réttindi
    - Hvaðan kemur virðingarleysið?
    - Við lærum það..., hægt að kenna öllum allt ef maður framfylgir því bara nógu ákveðið, lætur barnið hlusta á sig
    - Skólanum að kenna – ekki nógu mikið unnið í því að kenna virðingu
    - Út um allt: fólk kemst upp með virðingarleysi
  - Kennarar (og fleiri fullorðnir?) hafa ekki þau völd til að framfylgja hlutum sem þeir ættu/þurfa að hafa

- Foreldrar gefi skólum skrifleg leyfi til líkamlegra refsinga – þannig að það sé hægt að “rassskella” barnið þeirra
  - Hvað þá um nemendur sem hafa ekki þetta “leyfi”
- Við höfum of mikil réttindi – fæðumst með þau og kunnum ekki að meta þau af því að höfum aldrei þurft að lífa án þeirra.

## Framhald á samræðu föstudaginn 17. nóvember 2006:

### Dæmi um réttindi:

- Réttur til að **gera allt sem við viljum**, ákveða sjálf hvað við viljum, svo lengi sem það brýtur ekki lög
- Réttur á að **vera maður sjálfur** svo lengi sem það skaðar ekki aðra
  - Hvernig skilgreinum við skaða? Geta ein trúarbrögð skaðað þá sem hafa ekki þessa sömu trú?
  - Er t.d. samkynhneigð skaðleg?
  - Ef lífsskoðun mín veldur íkamlegum eða andlegum skaða, þá verð ég að endurskoða hana. Dæmi um andlegan skaða væri einelti, heilapvottur, skoðanapvingun.
- Réttur til að **hafa eigin skoðun**
- Réttur til að **segja okkar skoðun** – málfrelsi
- Réttur 14-16 ára til að **vera úti** til kl. 22.00 á veturna
- Réttur 6-16 ára á að **ganga í skóla**
- Réttur á **lífi**
- Réttur til að **stunda trú að eigin vali**

Er eitthvað af þessu tryggt fyrir alla menn, alls staðar?

- Engin af þessum réttindum eru tryggð
- Það er sagt að réttindin eigi að vera – almennt, óskráð samkomulag: Mannréttindasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna
- Mótsögn!!
  - Áveðin trúarbrögð hafa aðrar skoðanir en mannréttindasáttmálinn, t.d. um réttindi fólks til að verja
- Brot á mannréttindum – eru þau bara eins og hver önnur lögbrot?
  - Mannréttindabrotin STÆRRI

Réttindi = rétt – indi = það sem er rétt

## Framhald á samræðu þriðjudaginn 21. nóvember 2006: Hvernig öðlast manneskja réttindi?

- Guð gefur okkur réttindin:
  - Hann veit hvað er best fyrir okkur og segir okkur það til að leiðbeina okkur, t.d. með boðorðunum 10
  - En er þetta ekki bara hugmynd sem fólk býr til svo að því líði betur? Voru réttindin ekki til á undan hugmyndinni um Guð?
- Samfélagið sem þú býrð í ákveður réttindin og festir þau í lög:
  - Samfélög eru af ýmsum stærðum og gerðum, t.d. samfélag íslenskra borgara, samfélag kennara, samfélag nemenda
  - Samfélagið sem maður fæðist inni ræður mestu um réttindi manns, ef maður flytur seinna þarf maður kannski að ganga inn í nýtt „réttindasamfélag“
  - Án réttinda er ekki hægt að hugsa sér samfélag, það væru engar reglur um samskipti manneskja og samfélagið væri óstarfhæft – með tryggðum réttindum blómstrar samfélagið og virkar vel
- Er til samfélag þar sem menn hafa engin réttindi? Norður-Kórea?
  - N-Kórea er einræðisríki, þar felst menntun í að læra að dásama leiðtogann og trú á því að hann sé guði líkur, ekki trúfrelsi.
    - Er þetta gott samfélag? Virkar það? Eða er það að deyja út?
- Réttindi þróast með reynslu manna og eru síðan skráð:
  - Menn eru eigingjarnir, ef þeir mega gera hvað sem er þá eru þeir bara villimenn, ræna og drepa og vinna ekkert saman
  - Með réttindum er líklegra að sem flestir lifi af, og geti lifað góðu lífi
  - Réttindi tryggja að fólk sé gott og nái að vinna betur saman
  - Réttindi tryggja samskipti milli manna
  - Smám saman hafa menn fattað hvaða réttindi virka vel og þá hafa þau verið skráð
  - Dæmi um skráningar eru Mannréttindasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna, ýmis lög og reglur sett af Alþingi, boðorðin 10
- Réttindum fylgja ákveðnar skipanir:
  - T.d. boðorðið „þú skalt ekki drepa“ talar ekki um réttindi, heldur segir að það megi ekki drepa annan mann, sem vísar þá í réttindi þess manns til að fá að lifa í friði
  - Svona skipanir eru til að sýna afleiðingarnar af því ef réttindin eru ekki virt
  - Getum við fundið fleiri dæmi um svona skipanir sem fylgja réttindum?
- Ýmsar hugmyndir og spurningar í lokin:
  - Er einhver rétt-dræpur?
    - Rétt-dræpur þýðir „réttlætalegt að taka af lífi“
    - Sums staðar eru menn dæmdir til dauða – eru þeir þá rétt-dræpir? Nei, það má ekki hver sem er drepa þá hvar sem er. En er ekki alveg hugsanlegt að til sé samfélag einhvers staðar þar sem það væri leyfilegt, að hver sem er dræpi einhvern úti á götu? Það er svo margt til í heiminum og við vitum svo fátt af því...

## Hópur 2

### Samræða: Réttindi

- Manneskjur fá ákveðin réttindi við fæðingu og svo öðlast þær meiri réttindi með aldri, reynslu, menntun o.s.frv., t.d. starfsréttindi
  - Það þarf að uppfylla ákveðin skilyrði til að fá þessi auka réttindi
- Réttindi eru til í samfélögum og skráð niður svo að fólk þekki þau betur, geti betur nýtt þau
- Við erum flókin. Við fylgjum því sem leiðbeinir okkur, t.d. lögum. Við leitumst við að fylgja einhverri stefnu, en það er kannski ekki alltaf öruggt að stefnan sé rétt.
  - Sumir fara síðan á móti straumnum, búa til sínar eigin reglur
- Réttindin sem við höfum, t.d. í íslensku samfélagi, eru þetta HIN EINU SÖNNU RÉTTINDI?
- Tjá réttindin mannlegt eðli?